



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagurinn, 27. mars 2013

Ákvörðun nr. 7/2013

## **Brot Tæknivara ehf. og Hátækni ehf. á 10. gr. samkeppnislaga**

### **I.**

#### **Málsatvik**

Þann 21. apríl 2010 framkvæmdi Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Skiptum hf. og dótturfélögum þess, Símanum hf. og Tæknivörum ehf. í tengslum við rannsókn í öðru máli sem beindist að rannsókn á ætluðum brotum Símans á banni 11. gr. samkeppnislaga farsímamarkaði. Það mál hefur verið til lykta leitt, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013 *Breytingar á skipulagi Skiptasamstæðunnar og aðrar aðgerðir til þess að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði*. Á grundvelli gagna sem fundust í fyrrgreindri leit var framkvæmd leit hjá Hátækni ehf. þann 7. maí 2010. Var þetta gert sökum gruns um ólöglegt samráð milli Hátækni og Tæknivara á heilðsölumarkaði fyrir sölu á farsímum.

Í kjölfar húsleitanna snéru Skipti og Tæknivörur sér til Samkeppniseftirlitsins og óskuðu eftir því að veita liðsinni við að upplýsa málið. Á þeim grundvelli nýtti Samkeppniseftirlitið heimild samkeppnislaga og gerði sátt við Skiptasamstæðunna í júlí 2010. Í sáttinni fólst að viðurkennt var að Tæknivörur hefðu brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga með samningum sem gerðir voru við Hátækni. Einnig fólst í sáttinni að fallist var á að greiða 400 milljónir kr. í sekt vegna brotanna. Jafnframt féllust félögin á að hlíta tilteknum fyrirmælum sem ætlað var að tryggja virka samkeppni, sbr. 16. gr. samkeppnislaga. Tekið var fram í sáttinni að Símanum væri óheimilt að gera eða starfa eftir hvers kyns einkasölu- eða einkakaupasamningum við kaup á farsímum eða öðrum fjarskiptabúnaði. Í samningum eða viðskiptum við seljendur fjarskiptabúnaðar skyldi Síminn ekki taka þátt í neinum viðræðum, ráðstöfunum eða samningum sem tengdust endursöluverði Símans á viðkomandi fjarskiptabúnaði. Skal Síminn að öllu leyti ákveða endursöluverð sitt sjálfstætt.

Til að stuðla að virkri samkeppni féllust Skipti einnig á að selja frá sér Tæknivörur. Var gefinn frestur til þess en salan átti sér stað 5. ágúst 2011. Skipaður var óháður



kunnáttumaður til þess að tryggja að salan færi fram í samræmi við markmið um aukna samkeppni. Átti framangreind sala sér stað í samræmi við sáttina.

Lauk þessu máli gagnvart Skiptasamstæðunni með umræddri sátt frá júlí 2010.

Hátækni óskaði einnig eftir sáttaviðræðum. Lauk þeim endanlega með sátt sem undirrituð var 20. mars 2013. Meðferð málsins gagnvart Hátækni hefur dregist vegna m.a. anna Samkeppniseftirlitsins.

## II.

### Niðurstaða

Í 17. gr. f. samkeppnislaga segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt, sbr. einnig 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Jafnframt kemur fram í 17. gr. f laganna að sáttin sé bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Í frumvarpi sem varð að lögum nr. 52/2007, sem breyttu samkeppnislögum, er þetta ákvæði skýrt svo:

*„Mikill tími og fjármagn fer í að uppfylla kröfur stjórnvæðingaráttarins um undirbúning og birtingu stjórnvaldsákvæðana. Samkeppniseftirlitið hefur nýtt heimild samkvæmt gildandi rétti til að ljúka málum með sátt með góðum árangri, m.a. í samrunamálum. Lögfesting heimildar til að ljúka málum með sátt mundi stuðla að auknu gagnsæi og styrkja núgildandi heimildir stofnunarinnar.*

*Í tillögu þeirri sem gerð er að sáttákvæði í frumvarpinu er ekki aðeins gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitinu verði heimilt að bjóða málsaðilum að ljúka málum með sátt um hæfilega sektargreiðslu. Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga geta aðgerðir Samkeppniseftirlitsins vegna brota gegn samkeppnislögum falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna. Þannig getur Samkeppniseftirlitið beitt úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið sett skilyrði fyrir samruna, enda hindri hann virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist. Í frumvarpinu, sbr. 1. gr. þess, er því gert ráð fyrir að í sátt Samkeppniseftirlitsins og aðila geti m.a. verið kveðið á um skilyrði fyrir samruna eða aðgerðir til breytingar á atferli eða skipulagi.“*

Þegar atvik málsins áttu sér stað voru Hátækni og Tæknivörur helstu keppinautarnir í innflutningi og heildsölu á farsímum og tengdum búnaði.

Eins og fyrr sagði hefur verið gerð sátt vegna brota Tæknivara og Hátækni. Í sáttinni við Hátækni felst að fyrirtækið viðurkennir brot á 10. gr. samkeppnislaga og fellst á að greiða sekt vegna þeirra. Meðferð Samkeppniseftirlitsins á málinu lýkur með þeim hætti



sem rakið verður í ákvörðun þessari. Sáttinni við Tæknivörur er nánar lýst í kafla I hér að framan.

## 1.

### **Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga**

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað, séu bannaðar. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála, skiptingu á mörkuðum, upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni o.fl.

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga gerir kröfu um sjálfstæði fyrirtækja viðvirkjandi hegðun þeirra á markaði. Þannig gerir 10. gr. samkeppnislaga þá kröfu að fyrirtæki ákveði sjálfstætt við hverja þau eiga viðskipti og á hvaða forsendum, enda á markaðshæðun fyrirtækis að mótast af forsendum hvers fyrirtækis um sig. Um nánari túlkun á ákvæðinu vísast m.a. til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 *Ker hf., Olíuverslun Íslands hf., Skeljungur og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*.

## 2.

### **Brotin og viðurlög**

Mál þetta varðar í aðalatriðum heildsölu á farsímum og tekur til árána 2004 til 2010. Á þessu tímabili var Síminn í afar sterkri stöðu á fjarskiptamarkaði og var markaðsráðandi á farsímamarkaði, sbr. m.a. úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 11/2011 og máli nr. 1/2012. Auk þess að veita farsímaþjónustu seldi Síminn farsíma í smásölu. Ljóst er að vegna styrkrar stöðu sinnar í farsímaþjónustu var Síminn öflugur endurseljandi á farsímum. Hér má t.d. nefna að fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 17/2007 að Síminn hafi haft 40-45% markaðshlutdeild í smásölu á farsímum. Af þessu leiðir að Síminn var mjög mikilvægur viðskiptavinur fyrirtækja sem fluttu inn og seldu farsíma í heildsölu.

Á rannsóknartímabili málsins voru Tæknivörur og Síminn systurfélög. Ljóst er að þessi staða var óheppileg í samkeppnislegu tilliti. Tæknivörur voru þannig í lykilstöðu gagnvart einum mikilvægasta endurseljandanum á farsímum og nutu þannig forskots gagnvart keppinautum á markaði fyrir heildsölu á farsímum. Einnig var óheppilegt að Tæknivörur höfðu umsjón með innkaupum Símans á farsímum. Þetta þýddi að Tæknivörur voru í tvennskonar hlutverki gagnvart Hátækni. Annars vegar helsti keppinautur þess í heildsölu á farsímum og hins vegar umsjónaraðili/viðsemjandi fyrir hönd mikilvægasta smásalans. Bauð þetta fyrirkomulag upp á hættu á hagsmunaárekstrum og samkeppnishömlum.

Einnig var framangreind aðstaða óheppileg gagnvart keppinautum Símans í farsímaþjónustu og skapaði m.a. hættu á því að þeir fengju að ósekju verri kjör á farsímum eða að viðkvæmar viðskiptalegar upplýsingar bærust frá Tæknivörum til Símans.



Í málinu hafa Tæknivörur og Hátækni viðurkennt brot á 10. gr. samkeppnislaga. Fólust brotin í gerð fimm samninga um viðskipti með farsíma sem gerðir voru á rannsóknartímabili málsins. Í samningunum fólust eftirfarandi ólögmæt ákvæði:

- Ákvæði um samkeppnishamlandi upplýsingaskipti á sviði markaðsmála
- Samráð um tiltekna verðlagningu vegna sölu farsíma
- Markaðsskipting í formi gagnkvæmra einkakaupa. Tæknivörur skuldbundu sig til þess að kaupa aðeins tiltekna farsíma af Hátækni og öfugt.

Ekki er um það að ræða að allir samningarnir hafi innifalið í sér öll framangreind ólögmæt ákvæði.

Með sölu Skipta á Tæknivörum leystist framangreindur skipulagsvandi á fjarskipta- og símtækjamarkaði og telur Samkeppniseftirlitið að sú aðgerð hafi haft í för með sér jákvæð áhrif og verið til þess fallin að efla samkeppni.

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta m.a. gegn banni skv. 10. eða 12. gr. laganna nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni.

Sökum eðlis brota Hátækni er rétt að fyrirtækið sæti viðurlögum. Ólögmæt samráð er í eðli sínu alvarlegt brot sem alla jafna kallar á að fyrirtæki greiði stjórnvaldssekt í því skyni að efla bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif og vinna þar með að því að markmið samkeppnislaga nái fram að ganga.

Við mat á hæfilegri sektarfjárhæð verður einnig að horfa til þess að Hátækni óskaði eftir sáttaviðræðum og hefur játað umrædd brot. Hefur fyrirtækið þannig sýnt fullan samstarfsvilja. Með þessum aðgerðum sínum hefur Hátækni fyrir sitt leyti auðveldað og stytt rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyfirvalda sem ávallt hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif. Hér skiptir einnig máli framangreind aðstaða sem leiddi af stöðu og tengslum Símans og Tæknivara á rannsóknartímabilinu. Fyrir liggur að Hátækni sóttist eftir því að eiga milliliðalaus viðskipti við Símann sem hefði verið æskilegra fyrirkomulag. Þess í stað fór viðskiptin fram með milligöngu helsta keppinautar Hátækni. Þetta fyrirkomulag, og áhrif þess, fela ekki á neinn hátt í sér réttlætingu á brotum Hátækni. Hins vegar hefur þessi erfiða aðstaða sem Hátækni stóð frammi fyrir þau áhrif að brot fyrirtækisins telst ekki eins alvarlegt og ella. Horfir þetta til mildunar viðurlaga. Hér skiptir einnig máli að í bréfi, dags. 27. desember 2012, [...]¹. Hefur þetta jafnframt áhrif á fjárhæð sektar.

Sökum þessa telur Samkeppniseftirlitið hæfilegt að Hátækni greiði 50 milljónir kr. í stjórnvaldssekt og hefur fyrirtækið fallist á það með undirritun sáttarinnar. Með gerð sáttarinnar við Skiptasamtæðuna á árinu 2010 voru gerðar framangreindar breytingar á

---

¹ Felld út vegna trúnaðar.



skipulagi markaðarins. Ekki var þörf á því að mæla fyrir um sérstakar aðgerðir í tilvikum Hátækni. Með þessum sáttum telst málinu að fullu lokið.

Við ákvörðun um sektir Skipta vegna Tæknivara var m.a. horft til að um ítrekuð brot var að ræða, þess að Skipti höfðu frumkvæði að því að leita til eftirlitsins, auk annarra aðstæðna í málinu sem rakin eru hér að framan

### **III. Ákvörðunarorð:**

**„Með vísan til framangreindra satta skv. 17. gr. f samkeppnislaga er ekki þörf á frekari aðgerðum í málinu.“**